

Nefndarsvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110015/20.2
RJ/BH
04.11.2004

Efni: Frumvarp til vegalaga, 19.mál, öryggi, staðlar. Flutningsmenn Þuríður Backman, Jón Bjarnason

Með bréfi dags. 04.11.2004 er óskað eftir umsögn um frumvarp til vegalaga, 19. mál, öryggi, staðlar.

Fagna ber allri umfjöllun um umferðaröryggi á Alþingi. Vegagerðin vinnur eftir umferðaröryggisáætlun stjórnvalda og eigin umferðaröryggisáætlun sem innifelur að árið 2012 verði alvarlega slasaðir og látnir í umferðarslysum færri en 120 sem þýðir 40% fækkun frá fyrri umferðaröryggisáætlun.

Hér á eftir er stutt umfjöllun um 1. og 2. grein frumvarpsins.


1. gr.

Við hönnun nýrra vega og endurbyggingar þeirra tekur Vegagerðin mið af umferðaröryggisþróunarmiðum. Starfandi er vinnuhópur sem skipaður er starfsmönnum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að rýna hönnunargögn með tilliti til umferðaröryggis. Þannig eru öll hönnunargögn samkvæmt ákveðnum reglum yfirfarin af sérfræðingum í umferðaröryggi áður en verk eru boðin út. Efalaust mætti leggja ennþá meira í að byggja öruggari vegi og fylgist Vegagerðin grannt með öllum nýjungum á því sviði. Hafa ber í huga að hér er um samspil umferðaröryggis og kostnað við framkvæmdir að ræða.

2. gr.

Við hönnun og endurbyggingu á vegum notar Vegagerðin íslenska vegstaðla ásamt erlendum stöðlum þar sem hinir íslensku ná ekki til. Eðli samkvæmt eru þessir vegstaðlar sífellt í endurskoðun. Vegagerðin er sammála því að almenningur eigi að hafa auðveldan aðgang að þeim vegstöðlum sem að Vegagerðin notar. Það verður best gert með því að birta þá á heimasíðu hennar og mun það verða gert fljótlega. Vegagerðin telur að sá háttur sé mun heppilegri heldur en að staðlarnir séu taldir upp í vegáætlun.

Virðingarfyllst,



Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.